



Grímsnes-og Grafningshreppur

Ellisif Malmo Bjarnadóttir

Félagsheimilinu Borg

801 SELFOSS

Garðabær, 17.7.2025

Málsnúmer: 202506-0056

IAS

**Efni: Villingavatn. Nytjaskógrækt og landgræðsla - skipulagslýsing.**

Vísað er til erindis Grímsnes- og Grafningshrepps frá 26. júní 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu vegnar breytingar á aðalskipulagi vegna nytjaskógræktar á jörðinni Villingavatn.

„Sett er fram skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Með breytingunni verður sett inn nýtt skógræktar- og landgræðslusvæði á Villingavatni og heimiluð skógrækt á allt að 1300 ha. Markmið framkvæmdarinnar er að rækta skóg sem bindur kolefni, skapar timburnytjar og græðir upp raskað land. Framkvæmdin er háð mati á umhverfisáhrifum, skv. úrskurði Skipulagsstofnunar frá 11. apríl 2025. Unnið er að umhverfismati fyrir skógræktarsvæðið.“

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsingu og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Eins og fram kemur í skipulagslýsingu þá er móberg ráðandi á svæðinu og þó það njóti ekki sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (lög nr. 60/2013) þá er móberg sjaldgæft utan Íslands. Eitthvað er um jökulminjar við Villingavatn og er æskilegt að þær verði kortlagðar og mögulega verndaðar. Syðsti hluti svæðisins er líka hverfisverndaður þar sem „Forsendur verndar snúa að fjölbreyttu landslagi, gljúfrum og jarðminjum innan svæðisins.“ Fyrirhuguð skógrækt er líkleg til að valda miklum breytingum á ásýnd og rýra gildi jarðminja.

Í kafla 2.7 Vernd vantar að geta þess að á nokkrum stöðum innan jarðarinnar eru votlendisblettir sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd, sérstaklega við Villingavatn en einnig á öðrum stöðum. Aldrei ætti að gróðursetja tré í votlendi og á það líka við votlendi sem ekki nýtur sérstakrar verndar. Þá ætti ekki að gróðursetja erlendar trjategundir innan svæða á náttúruminjaskrá.

Mikilvægt er að fuglalíf sé kannað á allri jörðinni, ekki er nóg að segja: „Hins vegar er gróður rýr á stórum hluta svæðisins og líklegt að fuglalíf sé einnig rýrt.“

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til frekari athugasemda á síðari stigum.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur